2026

Skólareglur

GRUNNSKÓLI BOLUNGARVÍKUR

HÖFÐASTÍGUR 3-5, 415 BOLUNGARVÍK

Efnisyfirlit

Inngangur 2
Almenn umgengni 3
Stafræn tækni og ábyrg tækninotkun 3
Samskipti, háttsemi og jákvæður agi 4
Skólasókn og stundvísi 4
Ástundun og leiðbeinandi námsmat 4
Hollusta og heilbrigði 5
Vímuvarnir og heilbrigðir lífshættir 5
Ábyrgð, réttindi, skyldur og inngilding 6
Viðurlög við brotum á skólareglum 6
Sérstök viðurlög 7
Ferðir á vegum skólans 7
Símanotkun 7
Skólasókn 8
Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn 9
Afskriftir og umbætur á mætingu 9
Saga skjalsins og staðfestingar 10

Skólareglur

Uppfærðar 2026 í samræmi við Menntastefnu Bolungarvíkur 2026–2031

Inngangur

Samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu leggja sig fram um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.

Skólareglur Grunnskóla Bolungarvíkur eru settar samkvæmt lögum um grunnskóla og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Reglurnar byggja jafnframt á Menntastefnu Bolungarvíkur 2026-2031 og hafa verið uppfærðar til samræmis við áherslur hennar um fagmennsku, víðsýni, samvinnu og árangur. Stefnt er að því að þróa áfram framsækið og faglegt skólasamfélag sem mætir fjölbreyttum þörfum allra nemenda og stuðlar að öryggi, inngildingu, vellíðan og jákvæðum aga í skapandi námsumhverfi.

Skólareglur Grunnskóla Bolungarvíkur byggja á virðingu fyrir réttindum barna, mannréttindum og þeim grunngildum sem skólasamfélagið stendur fyrir. Við mótun og framkvæmd reglnanna er lögð áhersla á rétt nemenda til þátttöku, menntunar, öryggis og velferðar. Markmið reglnanna er að stuðla að jákvæðu, öruggu og uppbyggilegu skólaumhverfi þar sem allir njóta virðingar, hafa tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og taka virkan þátt í skólastarfinu.

Í Grunnskóla Bolungarvíkur er leitast við að skapa inngildandi skólasamfélag þar sem fjölbreytileiki er metinn að verðleikum og öllum nemendum tryggð jöfn tækifæri til náms, þátttöku og farsældar. Skólastarfið tekur mið af ólíkum styrkleikum, þörfum og aðstæðum nemenda og stuðlar að því að hver einstaklingur fái notið sín í öruggu og styðjandi námsumhverfi.

Skólareglurnar eru settar til að efla vellíðan, ábyrgð, jákvæð samskipti og góðan skólabrag. Við framkvæmd þeirra er tekið mið af aldri, þroska og aðstæðum nemenda og lögð áhersla á uppbyggileg viðbrögð, snemmtækan stuðning og lausnaleit sem styrkir nám, félagsfærni og ábyrgð nemenda. Í anda jákvæðs aga er leitast við að leiðbeina nemendum og styðja þá til aukinnar ábyrgðar á eigin hegðun, námi og samskiptum.

Starfsfólk, nemendur og forsjáraðilar bera sameiginlega ábyrgð á því að skapa skólaumhverfi sem einkennist af trausti, virðingu, ábyrgð og samvinnu. Skólareglunum er ætlað að styðja við

faglegt skólastarf og farsæld allra nemenda og gilda í öllu starfi á vegum skólans, innan skólahúsnæðis, á skólalóð og í ferðum, viðburðum og öðrum verkefnum sem skipulögð eru á vegum skólans.

Almenn umgengni

Skólinn er vinnustaður og sameign okkar allra. Göngum vel um skólann, berum virðingu fyrir eigum annarra og umhverfinu. Geymum yfirhafnir og skó í fatahengi og notum ruslafötur. Góð umhirða eykur öryggi og vellíðan.

Grunnskóli Bolungarvíkur fylgir gildandi lögum og reglum um umferð barna á reiðhjólum og hlaupahjólum. Foreldrar og forsjáraðilar bera ábyrgð á að leiðbeina börnum sínum um örugga umferð og að þau fari eftir umferðarreglum á leið til og frá skóla. Bent er á að þrengsli geta myndast á skólalóð og því er hætta á að hjól og hlaupahjól verði fyrir hnjaski. Skólinn tekur ekki ábyrgð á slíkum tækjum. Óheimilt er að hjóla eða nota hlaupahjól á skólalóð á skólatíma nema með sérstöku leyfi starfsfólks.

Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina á skólatíma án leyfis. Ef nemendur yfirgefa skólalóðina er það á ábyrgð foreldra. Í 1.– 4. bekk notum við aldrei tyggigúmmí í kennslustund. Í 5.– 10. bekk er það undir kennurum komið hvaða reglur gilda um slíkt.

Stafræn tækni og ábyrg tækninotkun

Nemendur mega ekki koma með síma og snjalltæki í skólann. Undir snalltæki falla t.d. farsímar, snjallúr og þráðlaus heyrnartól. Ef um sérstök tilfelli er að ræða þarf leyfi bæði foreldra og kennara. Engin truflun af völdum farsíma eða snjalltækja má vera í kennslustundum.

Ef nemendur koma með síma og/eða önnur snjalltæki án leyfis þá eru tækin á ábyrgð þeirra í skólanum. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans. Ef símar eða önnur tæki verða fyrir tjóni í kennslustund sem krefst notkunar þeirra er skólinn bótaskyldur.

Á ferðalögum geta nemendur haft með sér síma en verða að hlíta þeim reglum sem starfsfólk setur í ferðunum.

Leyfi kennara eða skólayfirvalda þarf til að taka myndir, hljóð- eða myndskeið. Gildir það í öllu skólastarfi og hvar sem farið er á vegum skólans.

Ábyrg tækninotkun og gagnrýnin hugsun: Í stafrænum heimi nútímans, þar sem gervigreind er áberandi, er mikilvægt að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun gagnvart þeim upplýsingum sem settar eru fram og nýti þær á ábyrgan hátt í námi sínu í samræmi við menntastefnuna.

Nemendur sem hafa snjalltæki meðferðis í skólann skulu afhenda þau til geymslu hjá ritara við upphaf skóladags.

Undanþágur frá reglum þessum eru aðeins veittar þegar notkun tækis er nauðsynleg vegna heilsufars, fötlunar, sérþarfa eða annarra sérstakra aðstæðna. Skólastjóri tekur ákvörðun um slíkar undanþágur í samráði við nemanda og forsjáraðila.

Samskipti, háttsemi og jákvæður agi

Skólasamfélagið samanstendur af nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og vinsemd, kurteisi, tillitssemi, umburðarlyndi og umhyggju. Allir í skólanum hafa sitt hlutverk. Nemendum ber að fara eftir fyrirmælum starfsfólks skólans.

Skólinn er vinnustaður okkar. Við sýnum tillitssemi, vinsemd og virðingu í störfum. Við vinnum saman að jákvæðum skólabrag og komum fram af prúðmennsku í skólanum og annars staðar á hans vegum. Ofbeldi, hótanir, einelti og annars konar meiðandi hegðun eru óásættanleg í skólasamfélaginu. Við sinnum námi okkar eftir bestu getu.

Jákvæður agi og vellíðan: Leikur, nám og kennsla skulu taka mið af þroska, styrkleikum og áhuga hvers barns og stuðla að öryggi, jákvæðum aga og vellíðan í skapandi námsumhverfi. Samfélaginu og fjölbreytileikanum er fagnað og stefnt er að því að allir nemendur finni fyrir inngildingu, öryggi og jöfnum tækifærum.

Skólasókn og stundvísi

Við virðum skólaskyldu, mætum stundvíslega, vel undirbúin og með þau gögn sem nota skal. Mæting í skóla og virk þátttaka í námi er lögbundin skólaskylda. Foreldrum ber því að tilkynna um forföll nemenda samdægurs til skólans og verða að sækja um skriflegt leyfi ef um fleiri en tvo daga er að ræða. Foreldrar bera ábyrgð á námi barnsins ef um langtímaleyfi er að ræða.

Ef nemandi mætir of seint eða er fjarverandi í tíma er það skráð í Mentor. Foreldrar hafa aðgang að skráningum barna sinna og ber að fylgjast með stundvísi þeirra.

Ástundun og leiðbeinandi námsmat

Við berum ábyrgð á námi okkar, námsgögnum, tækjum og leggjum metnað í vinnu okkar. Við mætum undirbúin í skólann með öll þau gögn sem við þurfum að nota. Við förum vel með öll námsgögn og tæki skólans, ásamt okkar eigin. Við leggjum okkur fram í námi og starfi.

Leiðbeinandi námsmat: Í samræmi við menntastefnuna er áhersla lögð á fjölbreytt, gagnsætt og leiðbeinandi námsmat (leiðsagnarnám) sem styður nemendur í að meta eigin framfarir, átta

sig á styrkleikum sínum og axla stigvaxandi ábyrgð á námi sínu. Skipulag námsins á að taka mið af þörfum, getu og hæfni hvers og eins með áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og sjálfstæði.

Hollusta og heilbrigði

Við tileinkum okkur heilbrigða lífshætti. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk fái nægan svefn og hvíld. Góð hvíld stuðlar að bættri einbeitingu og jákvæðu hugarfari.

Nemendum stendur til boða hafragrautur, lýsi, ávextir og hádegismatur á skólatíma foreldrum og forsjáraðilum að kostnaðarlausu. Ef nemendur neyta ekki þeirrar fæðu sem í boði er skulu þeir koma með hollt og næringarríkt nesti. Neyta skal matar í matsal skólans. Sælgæti og gosdrykkir eru óheimil á skólatíma nema í sérstökum tilvikum með samþykki skólans.

Regluleg hreyfing eykur orku, einbeitingu og vellíðan. Við nýtum þau tækifæri sem gefast til útivistar og hreyfingar.

Við gætum ávallt fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Eftir íþróttatíma skulu nemendur fara í sturtu nema sérstakar aðstæður hamli því.

Vímuvarnir og heilbrigðir lífshættir

Grunnskóli Bolungarvíkur er áfengis-, tóbaks- og vímuefnalaus vinnu- og námsumhverfi. Óheimilt er að koma með, neyta, dreifa eða vera undir áhrifum áfengis, tóbaks, rafrettna, nikótínvara eða annarra vímuefna á skólatíma, á skólalóð, í húsnæði skólans eða í ferðum og viðburðum á vegum skólans.

Nemendur skulu hvorki hafa slík efni né búnað til notkunar þeirra í fórum sínum á meðan þeir eru á ábyrgð skólans. Verði starfsfólk vart við eða hafi rökstuddan grun um vörslu, notkun eða dreifingu áfengis, tóbaks, rafrettna, nikótínvara eða annarra vímuefna skal brugðist við í samræmi við lög, reglugerðir og verklagsreglur skólans. Aðstæður skulu metnar í hverju tilviki fyrir sig og haft samband við foreldra eða forsjáraðila eftir því sem við á.

Markmið skólans er að stuðla að heilbrigðu og öruggu námsumhverfi og efla heilsusamlega lífshætti meðal nemenda. Lögð er áhersla á forvarnir, fræðslu og uppbyggileg viðbrögð í samstarfi við nemendur, foreldra og viðeigandi fagaðila.

Brot gegn ákvæðum þessa kafla geta leitt til viðbragða samkvæmt skólareglum og verklagsreglum skólans. Þegar um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða getur skólinn gripið til frekari ráðstafana í samræmi við lög og reglur um grunnskóla.

Ábyrgð, réttindi, skyldur og inngilding

Við virðum skólareglur og berum ábyrgð á framkomu okkar og gögnum. Við förum eftir fyrirmælum starfsfólks í öllu er skólann varðar. Skólareglur eru settar til að stuðla að öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks og okkur ber að fara eftir þeim. Við höfum rétt á að lýsa skoðun okkar í þeim málum sem okkur varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska.

Framkoma okkar skal einkennast af virðingu, vinsemd og umburðarlyndi. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum eigum sem þeir hafa með sér í skólann. Óheimilt er að koma með áhöld og tæki í skólann sem geta valdið skaða sé þeim beitt á rangan hátt.

Skólareglur eru í fullu gildi á öllum samkomum og í ferðum á vegum skólans, nema annað sé tekið fram. Í skólanum og í ferðum á vegum skólans er notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna stranglega bönnuð.

Inngilding og jöfn tækifæri: Tryggt skal að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og félagsþátttöku óháð tungumáli, uppruna eða aðstæðum, með áherslu á markvissa íslenskukennslu og virðingu fyrir margbreytileika. Í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fjölbreytileikanum fagnað og honum mætt með inngildandi hætti.

Viðurlög við brotum á skólareglum

Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu ávallt taka mið af eðli brots, aldri, þroska og aðstæðum nemandans. Markmið viðbragða er fyrst og fremst að stuðla að ábyrgð, jákvæðri hegðun og farsæld nemenda með uppbyggilegum og sanngjörnum hætti.

Starfsfólk skólans leitast við að leysa mál á fyrsta stigi með samtali, leiðsögn og stuðningi. Viðbrögð skulu vera í samræmi við skólareglur, áherslur skólans um jákvæð samskipti og gildandi lög og reglur.

Brjóti nemandi af sér fer eftirfarandi ferli af stað:

Þrep eitt – nemandi er truflandi, sýnir slæma hegðun og umgengni: Starfsmaður ræðir einslega við nemanda, honum er leiðbeint og lögð er áhersla á að nemandi þekki regluna og sýni vilja til þess að gera betur næst. Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 1. þreps hegðunarfrávik samsvarar það 2. þrepi og skal viðbrögðum framfylgt samkvæmt því.

Þrep tvö – nemandi notar særandi orð, áreitir, fylgir ekki fyrirmælum og segir ekki satt: Kennari hefur samband við foreldra/forráðamenn og skráir atvikið í Mentor eða tiltekin

samskiptablöð. Ef nemandi sýnir ekki bætta hegðun boðar umsjónarkennari foreldra/forráðamenn til fundar og lausna er leitað. Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 2. þreps hegðunarfrávik, samsvarar það 3. þrepi og skal viðbrögðum framfylgt samkvæmt því.

Þrep þrjú – nemandi beitir ofbeldi, einelti, skemmir eða hefur undir höndum vopn, vímuefni, tóbak eða tóbakslíki: Starfsmaður lætur skólastjórnendur vita að 3. þreps mál sé komið upp. Skólastjórnendur taka ákvörðun um framvindu málsins í samræmi við viðbragðsáætlanir skólans. Hann skráir málið og úrvinnslu þess í Mentor og gerir umsjónarkennara grein fyrir stöðu mála. Haft er samband við foreldra/forráðamenn eins fljótt og hægt er og tryggt að upplýsingarnar séu mótteknar. Fundur boðaður. Nemandi fer ekki aftur inn í eigin bekkjaraðstæður fyrr en fundað hefur verið og málið til lykta leitt. Skoða þarf frímínútur sérstaklega. Lausnarleiðin er ákveðin í samráði við þá aðila sem málið varðar. Finnist ekki viðunandi lausn er málinu vísað til fræðslumálaráðs. Vísa má nemanda tímabundið úr skóla, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Sérstök viðbrögð

Ferðir á vegum skólans

Nemendum ber að fara eftir skólareglum og fyrirmælum starfsfólks í öllum ferðum á vegum skólans. Alvarleg eða ítrekuð brot á skólareglum, hegðun sem veldur öðrum hættu eða truflar framkvæmd ferðar, geta leitt til þess að nemanda verði vísað úr ferðinni.

Ef nemanda er vísað úr ferð af þessum ástæðum bera forsjáraðilar ábyrgð á að sækja nemandann eða tryggja heimferð hans án tafar og á eigin kostnað.

Símanotkun

Ef nemandi afhendir ekki tæki til geymslu, notar tæki á skólatíma án leyfis eða brýtur með öðrum hætti gegn reglum um stafræna tækni og snjalltæki skal starfsmaður leiðbeina nemandanum og fara fram á að tækið verði afhent til varðveislu hjá skólastjórnendum út skóladaginn.

Við fyrsta brot skal foreldrum eða forsjáraðilum gerð grein fyrir atvikinu og óskað eftir því að þeir sæki tækið að loknum skóladegi. Við ítrekuð brot skal haft samband við forsjáraðila og boðað til samtals eftir því sem þörf krefur. Viðbrögð við ítrekuðum brotum fara að öðru leyti samkvæmt þrepaskiptu viðbragðsferli skólans og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Skólasókn

Komi nemandi of seint í kennslustund fær hann einn punkt, tvo ef hann er fjarverandi og þrjá ef honum er vísað úr tíma. Seint telst það ef nemandi kemur eftir að starf er hafið, en innan við helmingur sé liðinn af tímanum. Það telst óheimil fjarvist ef nemandi mætir eftir að kennslustund er hálfnuð eða mætir alls ekki í tíma án þess að hafa fengið leyfi fyrir fram eða tilkynnt hefur verið um fjarvist. Skólasókn telur skólaárið. Skólasóknareinkunn byggir á eftirfarandi punktakerfi:

Einkunn	A	B	C	D	E
Punktar	0-4	5-13	14-35	36-60	61+

Kennarar skulu skrá í dagbók nemanda ef þeir hafa samband heim eða halda fundi vegna ástundunar. Fari punktar vegna seinkomu eða fjarvista yfir ákveðinn fjölda er gripið til eftirfarandi aðgerða:




Ef nemanda er vísað úr kennslustund sendir viðkomandi kennari póst heim til nemanda og greinir frá málavöxtum. Nemanda er vísað til skólastjóra. Kennari skal einnig láta umsjónarkennara vita. Ef slíkt gerist oftar en einu sinni tekur skólastjóri ákvarðanir um framhald málsins og upplýsir foreldra/forráðamenn.

Ef brottvísanir eru ítrekaðar eða ef framkoma lagast ekki er hægt að vísa nemanda úr skóla meðan mál hans er kannað og fundin viðeigandi lausn. Slíkt getur jafnframt leitt til þess að viðkomandi nemandi verði útilokaður frá þátttöku í ferðum og/eða samkomum á vegum skólans um lengri eða skemmri tíma.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða (staðfest langtímaveikindi frátalin). Skóli getur óskað eftir læknisvottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag. Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru skipulögð í samræmi við þrepaskipt ferli skólans, en jafnframt er mikilvægt að viðbrögð séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda í samræmi við farsæld barna og snemmtækan stuðning.



Afskriftir og umbætur á mætingu

Hægt er að vinna af sér punkta þótt einkunn fyrir ástundun breytist ekki. Þegar punktum hefur fækkað frestar það því ferli sem annars færi af stað, sbr. ákvæði hér að framan.

Hafi enginn punktur verið skráður á nemanda í þrjár vikur fækkar punktum um 12.

Eftir það fækkar punktum um fjóra fyrir hverja viku.

Ef nemandi fær punkt byrjar kerfið upp á nýtt, þ.e. það verða að líða þrjár nýjar vikur án punkta o.s.frv.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á að halda utan um skráningu á stöðu afskriftar er varðar ástundun nemanda. Hægt er að útbúa ástundunar samning á milli kennara, foreldra og nemenda. Haldið er utan um framgang mála í Dagbók á Mentor.

Saga skjalsins og staðfestingar

Uppfært og samræmt í ágúst 2026 til samræmis við nýsamþykkta Menntastefnu Bolungarvíkur 2026–2031.

Lagt fyrir starfsmannafund Grunnskóla Bolungarvíkur í ágúst og september 2026.

Bolungarvík, september 2026

	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Skólastjóri Höfðastígur 3-5 415 Bolungarvík Sími: 456-7249 www.gs.bolungarvik.is